

Kiwanis

K-dagsnefnd



Lykill að lífi



LANDSSÖFNUNIN LYKILL AÐ LÍFI K- DAGUR 10. – 14. MAÍ 2011

Skýrsla formanns K-dagsnefndar til 4. umdæmisstjórnarfundar starfsárið 2009-2010 haldinn föstudaginn 10. september 2010

Störf K-dagsnefndar hafa verið vaxandi og á enn eftir að aukast, en nefndina skipa. Gylfi Ingvarsson, Hraunborg, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, Sólborg, Pál V. Sigurðsson, Elliða Alfred Styrkársson, Eldey og Hörður Baldvinsson, Mosfelli, og fundað hefur verið í hverri viku og eru 18 bókaðir fundir auk sérstakra vinnufunda.

Markmið nefndarinnar va í fyrstu að virkja Kiwanisfélagi í undirbúningi K-dagsins og var í því tilefni sent bréf til forseta klúbba 16. janúar sl. og óskað eftir tilnefningu tengiliða við K-dagsnefndina. og ennfremur var. Þann 9. feb var sent bréf til svæðisstjóra um að þeir verði einnig tengiliðir við K-dagsnefndina. Einnig hafa málefni K-dags verið tekin til umræðu á Svæðisráðsfundum á árinu og svör frá þeim tekin til umræðu.

- Fundur Þórssvæðis var 30. janúar í Rvík. Fundur Ægissvæðis var í Garði 13. feb Grettissvæði var með fund á Sauðárkróki 20. feb. Eddusvæði var með fund á Akranesi 27. mars Sögusvæði var með fund á Hornafirði 10 apríl Óðinssvæði var með fund á Húsavík 10. apríl
- K-dagsnefndin hélt samráðsfund með fulltrúum Kiwanisklúbbanna í Reykjavík 13. mars og mættu þar 3 fulltúrar frá hverjum klúbb, og var ákveðið að stofna samstarfsnefnd klúbbanna um verkefnið, undirbúning og framkvæmd á K-degi og er Páll V. tengiliður við starfshóp klúbbanna.
- Svarblöð starfshópanna voru síðan tekin til greiningar og sá Dóra um þá vinnu og verða niðurstöður síðan kynntar Kiwanisfélögum.

Það verður að segjast eins og er að viðbrögð á fundunum hafa verið mjög góð lofa góðu og bindum við vonir við að hér sé um öflugan byrjun á góðu starfi í undirbúningi og framkvæmd.

Önnur verkefni eru.

- Formleg beiðni til Dómsmálaráðuneytisins var sent 17. mars um heimild til fjársöfnunar
- Svar með heilmild barst frá Dóms- og mannréttindaráðuneytinu 19. mars og lög um fjársafnanir.
- K-dagur verður 10. – 14. maí 2011
- Bréf var sent 9. apríl til forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, þar sem leitað er eftir því að hann verði verndari Landssöfnunar Lykill að lífi 2011 og hefur forsetinn samþykkt beiðnina
- Bréf hafa verið send til flestra stærstu félagsamtaka á Íslandi þar sem fjársöfnunin Lykill að lífi er kynnt og óskað eftir að þau virði söfnun okkar og við þeirra safnanir.
- Klúbbarnir í Færeyjum hafa samþykkt að vera með í verkefninu og að það sem safnast þar fari til styrktar geðverndarmálum þar, einnig er horft til þess að ef þeir verði með sinn verndara að verkefninu í Færeyjum. Þar sem þeir eru með aðra gerð af lykllum verða framleiddir sér lykklar fyrir þá. 5 þúsund stk.

K-dagsnefndin hefur samþykkt tillögu Harðar um K-lykil og er hönnun lokið og er tilbúinn til framleiðslu í Kína og stefnt er að lykillinn verði kominn til landsins í upphafi árs. Lykillinn verður óskorinn en kaupandi getur síðan látið skera hann að sinni skrá og þar með kominn með lykil að sinni eign

Kynning

- Kynningarbæklingur (flyer) sem inniheldur kynningu á verkefni til að leggja fyrir styrktaraðila. Ritstjóri er Páll V. Prentuð hafa verið 300 eintök.
- Í Kiwanisfréttum, heimasíðunni og fésbókinni.
- Í framhaldi kynningarform til fjölmiðla.
- K-dagsnefndin hefur samið við Gott ráð ehf sem sér um samskipti við fjölmiðla með kynningu á K-degi í fjölmiðum og öflun styrkja frá fyrirtækjum og er greiðslan 20% af söfnunarfé sem Gott ráð aflar. Í samningum er framkvæmdaáætlun.

Fjármögnun

- Fjárhagsáætlun liggur fyrir
- Unnið er að samningum við fjármögnunaraðila
- Tryggja þarf að ekkert af söfnunarfé við sölu lykilsins fari í kostnað heldu skili sér að fullu til styrktarverkefna

Framkvæmdaáætlun

- Lyklar verða tilbúnir til landsins í upphafi árs 2011
- Pantaðir verði 40 þúsund lyklar
- Verð lykils er kr. 1500 og sölulaun til samstarfsaðila kr. 300 á lykil
- Klúbbar geta samið við samstarfsaðila um sölu og er tilbúin leiðbeinandi samningur
- Áhersla er lögð á að klúbbar setji í gang forsölu á lykllum til hópa og fyrirtækja til þess að dreifing og sala gangi sem berst.

Styrktarverkefni

- Þrjú tillögur um styrktarverkefni hafa borist sem eru:
 1. Lautin á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“
 2. BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni
 3. Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópar og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.

Niðurlag.

Við í K-dagsnefndinni leggjum metnað okkar í undirbúning og leggjum mikla áherslu á að kalla alla Kiwanisfélaga að verkefninu. Ef framhaldið verður í takt við viðbrögð Kiwanisfélaga þá stefnum við að góðum árangri.

Markmið okkar er að ná fram hámarks árangri með lágmarks tilkostnaði. Því markmiði náum við ef við Kiwanisfélagar leggjum okkur alla fram.

F.h. K-dagsnefnd Kiwanisumdæmisins
Gylfi Ingvarsson formaður